# Námsáætlun fyrir samfélagsgreinar - 5. bekkur

**Tímafjöldi:** 4 kennslustundir á viku

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Reynsluheimur** | Nemendur geti:<br>• Nemandi getur sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi.<br>• gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.<br>• gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlynda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.<br>• gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.<br>• séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.<br>• nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög. | Bein kennsla, skrifleg verkefni og umræður, hópavinna. | Gagnapróf<br>Heimaverkefni<br>Þemaverkefni |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks.<br>• greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu og menningu.<br>• gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins. | | |
| **Hugarheimur** | Nemendur geti:<br>• lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.<br>• gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.<br>• sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. | Umræður og einstaklingsverkefni unnin í vinnubók. | Verkefnabók<br>Virkni og vinnubrögð |
| **Félagsheimur** | Nemandi getur<br>• borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.<br>• Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,<br>• Sýnt samferðafólki tillitssemi og umhyggju. | Klípusögur, umræður og verkefni. | Verkefnahefti<br>Virkni og vinnubrögð<br>Leiðsagnarmat |
| **Lokanámsmat:** | | | |

Símat
Einkunnir gefnar í bókstöfum A, B+, B, C+, C eða D.